

Reykjanesbær  
Tjarnargötu 12  
230 Reykjanesbær

7. janúar 2026  
UOS2502381/M.S.

## Efni: Reglubundið eftirlit þann 27. nóvember 2025 – ID 515

Þann 27. nóvember sl. fór fram reglubundið eftirlit í Urðun á óvirkum úrgangi, Reykjanesbær, Njarðvíkurheiði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

### Þrjú frávík komu fram er varða:

1. Gr. 1.2. í starfsleyfi. Óheimilt er að urða almennan úrgang en á urðunarsvæði er sjáanlegur almennur úrgangur s.s. plast.
2. Gr. 3.8 í starfsleyfi. Stöðugleika er ábótavant við mörk urðunarsvæðisins en flái er of brattur.
3. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Mælibrunnar hafa ekki verið settir niður til þess að geta framkvæmt vöktunarmælingar á grunnvatni eins og starfsleyfið kveður á um.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 29. janúar 2026.

Virðingarfyllst,

*María Svavarsdóttir*

Teymi eftirlits

*Sigríður Kristinsdóttir*

Teymi eftirlits